



Safnaðarblað Glerárkirkju

2. tbl. 19. árgangur

September 2004

*„Brauð Guðs er sá, sem stígur niður af himni
og gefur heiminum líf“*

(Jóh. 6.33)



Næring sálar og anda

Myndin hér að ofan er hluti glugga úr steindu gleri eftir Leif Breiðfjörð, sem settur verður upp í Glerárkirkju í byrjun desember næstkomandi. Sá hluti, sem hér er sýndur, hefur margræða táknræna merkingu. Meðal annars minnir hann á þau kraftaverk Jesú er hann ítrekað mettaði mikinn fjölda með örfáum fiskum og brauðum.

Fisktáknid er með elstu táknum kristinna manna. Í frumkristni er þeir þurftu oft að dyljast vegna ofsókna gegndi það gjarnan hlutverki leyntákns, sem hinir trúuðu notuðu til að gera vart við sig. Gríska orðið yfir fisk myndar skammstöfun fyrir orðin: „Jesús Kristur, Guðs Sonur, Frelsarinn.“

Síðast en ekki síst vísar glugginn til þeirrar andlegu fæðu sálar og anda, sem veitist í samfélagi trúarinnar. Heilagt altaris-sakramenti er í senn tákn og raunveruleiki þeirrar gjafar. Þar segir höfundur lífsins við alla sem við því vilja taka: „Svo elska

ég mennina, að ég gef þeim sjálfan mig til þess að hver sem treystir mér og fylgir, muni ekki glatast, heldur öðlast hið sanna og eilífa líf.“ (sbr. Jóh. 3.16).

Umhyggja Guðs og elska nær með öðrum orðum bæði til hins tímanlega og hins eilífa. Glugginn góði minnir þannig á að andi hinnar sjálfgefandi elsku Guðs á að ríkja í kirkjunni okkar. Þangað ber öllum Guðs börnum að koma og þiggja þá andlegu fæðu sem hann einn gefur. Látum ekki börnin fara á mis við þá blessun. Minnumst ábyrgðar okkar. Minnumst orða Jesú: „Leyfið börnunum að koma til mín og varnið þeim eigi, því að slíkra er Guðs ríki“ (Mark. 10.14).

Í bæn um Guðs blessun og von um að fá að sjá þig í kirkjunni í vetur.

Sr. Gunnlaugur Garðarsson.

Alfanámskeið

Alfa-námskeið hafa verið haldin í Glerárkirkju nokkur undanfarin ár og verða í haust á miðvikudagskvöldum klukkan 19:30. *En hvað stendur Alfa fyrir?*

Alfa námskeiðið hófst í Englandi fyrir u.þ.b. 20 árum. Námskeiðið er nú haldið í um 130 löndum í flestum kirkjudeildum. Áætlað er að yfir sjö milljónir manna hafi sótt námskeiðið (2002). Alfa er tíu vikna námskeið, einu sinni í viku, þar sem fjallað er um grundvallaratriðið kristinnar trúar á einfaldan og þægilegan hátt. Auk þess fara þátttakendur eina helgi eða dag saman út úr bænum.

Tekist er á við mikilvægustu spurningar lífsins. Hvorki eru gerðar kröfur um trúarafstöðu né heimalærdóm eða aðrar skuldbindingar gerðar til þátttakenda.

Hver samvera hefst með léttum málsverði. Síðan er kennt í 45 mínútur og eftir stutt hlé eru umræður í hópum og semverurnar enda með stuttri helgi-stund. Námskeiðið í Glerárkirkju er að kvöldi, hver samvera hefst kl. 19.30 og lýkur eigi síðar en kl. 22.00.

Á Alfa námskeiðinu gefst fólki tækifæri til að spyrja spurninga og taka þátt í skapandi umræðu um lífið og tilveruna.

Fyrir hverja er Alfa? Alfa er öllum opið - sem leita vilja svara við spurningum um tilgang lífsins - sem vilja kynna sér grundvallaratriði kristinnar trúar - sem langar að velta fyrir sér hvaða gildi móta líf okkar og samfélag - sem trúá - sem efast - sem ekki trúá.

Teymið í Afla-starfinu í haust eru Guðmundur Guðmundsson, héraðsprestur, Nína Dau, tónlistarfulltrúi og Þórhildur Þórhallsdóttir, kokkur.



Herra Karl Sigurbjörnsson biskup ræðir við börnin í Glerárkirkju.

Barnastarfið í Glerarkirkju er komið í fullan gang

Um er að ræða þrenns konar starf. Í fyrsta lagi eru samverur í safnaðarsal á sunnudögum um leið og helgihald fer fram í kirkjunni kl 11.00. Sameiginlegt upphaf er með messunni en börnin halda síðan í safnaðarsal undir þriðja sálmi þar sem umsjónarmenn barnastarfs þær Ásta, Pía, Sólrún og Tinna sjá um fræðslu, leik, söng og lofgjörð með börnunum.

Á laugardögum er boðið upp á kirkjuskóla fyrir grunnskólabörn 1.-4. bekk kl 11.00. Umsjón með því starfi hafa þær Sólveig Halla, Ása og Tinna.

Þær sjá einnig um tíu til tólf ára starf svonefnt TTT sem er sömu daga eftir hádegi frá 13-14.

Munið æskulýðsstarfið í sal KFUM & K, Sunnuhlíð á fimmtudögum kl. 20.00. Allir krakkar í 8. bekk og eldri eru hjartanlega velkomnir.



Ásta og nokkrir félagar úr unglíngakórnum á góðri stundu.



Stund með sunnudagaskólanum í Kapellunni.



Barnakórinn.

Frá Kór Gleráarkirkju

Starfið hjá Kór Gleráarkirkju hefur verið með öflugasta móti. Við heimsóttum Austurland í lok september á síðasta ári og héldum tónleika á Egilsstöðum, Seyðisfirði og á Neskaupsstað. Í ársbyrjun 2004 fórum við svo af stað með röð tónleika í tilefni sextíu ára afmælis kórsins.

Þann 15. febrúar sungum við í Akureyrarkirkju og efnisskráin var byggð á fransk-rómantískri kirkjutónlist. Sama efni sungum við svo í Hallgrímskirkju þann 29. febrúar. Deginum áður vorum við með tónleika í Langholtskirkju, en þá með aðra efnisskrá, sem við fluttum síðan að stærstum hluta í Gleráarkirkju 2. maí. Þar voru á ferðinni íslensk þjóðlög og sönglög, afrísk-amerísk trúartónlist (negrasálmur) og madrigalar ásamt suður-amerísku messunni „Misa Criolla“ sem var flutt með fulltingi hljómsveitar og hlaut hvarvetna feiknagóðar undirtektir áheyranda.

Í júní réðumst við svo í það að taka upp efni á geisladisk sem við vonumst til að geta gefið út á þessu ári. Efnid er að stórum hluta það sama og flutt var í Langholts- og Gleráarkirkju. Reyndar bíðum við enn eftir leyfi til að gefa út hluta þess efnis, en við erum bjartsýn og vonum það besta.

Þann 8. ágúst sl. sungum við í messu í dómkirkjunni að Hólum í Hjaltadal að beiðni Jóns Aðalsteins Baldvinssonar vígslubiskups. Sama dag héldum við einnig tónleika á staðnum.

Næsta verkefni kórsins var gospel-námskeið sem haldið var í Gleráarkirkju helgina 3.-5. september s.l. Óskar Einarsson tónlistarstjóri Fíladelfíu í Reykjavík leiddi okkur þar um lendar gospelsónlistarinnar. Alls tóku um 75 manns þátt í námskeiðinu sem lukkaðist í alla staði vel. Því lauk með helgi-stund og tónleikum í kirkjunni að kvöldi sunnudagsins 5. september fyrir fullu húsi þakklátra kirkjugesta.

Allt þetta mikla tónlistarstarf hefur eftir kórinn okkar til muna og hefur hann enda víða hlotið góða dóma fyrir tónlistarflutning sinn og getið sér orð sem frambærilegur kór. Nokkrir nýir félagar hafa fengið inngöngu í kórinn nú í byrjun vetrar og eru þeir boðnir hjartanlega velkomnir til starfa.

Samverur eldri borgara

Í vetur verða samverur eldri borgara á sínum stað einu sinni í mánuði á fimmtudögum kl. 15.00. Þar höldum við uppteknum hætti og fáum góða gesti með fræðslu og skemmtan. Söngur og tónlist hefur verið í hæsta gæðaflokki sem og góðar veitingar úr eldhúsi Þórhildar veitingastjóra. Helgi-stund með almennum söng hefur líka verið þar fastur liður. Þessar samverur hafa verið mjög fjölsóttar og ákaflega skemmtilegar og uppbyggjandi fyrir alla. Vonum við að svo verði einnig í vetur.

Fimmtudaginn 16. september s.l. var fyrsta samvera vetrarins en þá voru gestir samverunnar Jón Hjaltason sagnfræðingur, Óskar Pétursson tenór og Daníel Þorsteinsson píanóleikari og var sú samvera vel sótt og heppnaðist í alla staði vel.

Í vetur verður eins og í fyrra boðið upp á bíl frá Lindarsíðu en þeim íbúum í Glerárhverfi sem hefðu hug á að koma á samverurnar en eru farlausir er velkomið að hafa samband við okkur í Gleráarkirkju og munum við þá leitast við að finna góðar lausnir.

Barna- og unglíngakór

Eins og s.l. vetur mun Ásta Magnúsdóttir stjórna barnakór Gleráarkirkju og er vetrarstarfið hafið með miklum ágætum líkt og í fyrra. Sú breyting hefur hins vegar orðið að stofnaður var sérstakur unglíngakór og er enn hægt að fjölga í þeim góða hópi. Æfingar barnakórsins og unglíngakórs eru á fimmtudagseftirmiðdögum en allar upplýsingar veitir Ásta í síma 894 4314.

Heimsóknþjónusta

Á vegum Eyjafjarðarprófestsdæmis eru vanaheimsóknir en þeim stýrir Ásta Gardarsdóttir og hefur hún aðsetur í Laxdalshúsi. Vanaheimsóknum er sérstaklega ætlað gleðja og styrkja eldri borgara sem vilja þiggja slíka góða heimsókn.

Samhygð

Samtök um sorg og sorgarviðbrögð starfa á Eyjafjarðarsvæðinu og eru öllum opin sem lent hafa í sorg vegna skilnaðar, ástvinamissis, atvinnuleysis eða alvarlegum veikindum. Fundir eru að jafnaði einu sinni í mánuði í Akureyrarkirkju og eru auglýstir í Dag-skránni. Prestarnir veita líka fúslega upplýsingar um þessi góðu samtök.

Tólf spor

Boðið verður upp á **Tólf sporin - andlegt ferðalag** í kirkjunni í vetur á mánudögum kl. 19.30. Um er að ræða námskeið eða vinnuferli þátttakenda þar sem rætt er um lífið og tilveruna.

Fyrstu 3 fundirnir eru opnir öllum til þess að fólk geti kynnt sér hvernig þetta starf fer fram og ákveðið hvort það vilji taka þátt í því í vetur. Eftir það verður hópnum lokað og ekki bætast fleiri við.

Tólf spora vinnan hentar öllum þeim sem í einlægni vilja dýpka sínar tilfinningar og öðlast betri líðan og meiri lífsfyllingu og hefur slík vinna í litlum hópum reynst mjög góður vettvangur.

Upplýsingar í síma 862-4258 Þórhildur eða 847-9025 Sirrý.

Þátttaka er ókeypis í boði kirkjunnar, en við höfum lagt lítilsháttar í kaffisjóð. Eins þarf að kaupa bókina sem við notum og verður hún seld í kirkjunni og Litla húsinu.

Unnið er eftir vinnubókinni **Tólf sporin Andlegt ferðalag**. Hvert spor er unnið á tveimur vikum og þarf að

vinna heimavinnu. Þar sem sporin eru sjálfshjálp næst bestur árangur með að vinna sporið heima áður en að mætt er á fund.

Aðferð tólfspora vinnunnar er sprottin upp úr starfi AA hreyfingarinnar en í þessu samhengi er hún unnin í farvegi kristinnar trúar og ætluð öllum.

Starfið fer fram í litlum hópum sem í eru 5-7 manns og eru það kynskiptir hópar. Fyrstu 3 fundirnir eru öllum opnir en á 4. fundi verður hópnum lokað. Í hópnum deilir fólk reynslu sinni hvert með öðru og myndast þannig mikil vináttutengsl.

Spor mánaðarins

Framhaldshópur. Spor mánaðarins er opið öllum þeim sem hafa farið í 12 sporin og verðum við með fund í kapellunni síðasta miðvikudag hvers mánaðar. Í vetur verður farið á stað 29. september kl. 20,00 og tökum þá 9. sporið. Næstu fundir verða 27. okt., 24. nóv. og 8. desember.

Athafnir í Gleráarkirkju í október og nóvember



Sunnudagur 25. september

Fjölskyldugudsþjónusta kl 11.

Sr. Gunnlaugur Garðarsson þjónar.

Barnakórinn syngur. Stjórnandi Ásta Magnúsdóttir.

Organisti Hjörtur Steinbergsson.

Sunnudagur 3. október

Barnastarf og messa kl 11.

Sr. Arnaldur Bárðarson þjónar.

Félagar úr Kór Gleráarkirkju syngja.

Organisti Hjörtur Steinbergsson.

Sunnudagur 10. október

Barnastarf og guðsþjónusta kl 11.

Sr. Gunnlaugur Garðarsson þjónar.

Félagar úr Kór Gleráarkirkju syngja.

Organisti Hjörtur Steinbergsson.

Sunnudagur 17. október

Barnastarf og messa kl 11.

Sr. Arnaldur Bárðarson þjónar.

Félagar úr Kór Gleráarkirkju syngja.

Organisti Hjörtur Steinbergsson.

Sunnudagur 24. október

Barnastarf og messa kl 11.

Sr. Gunnlaugur Garðarsson þjónar.

Félagar úr Kór Gleráarkirkju syngja.

Organisti Hjörtur Steinbergsson.

Sunnudagur 31. október

Fjölskyldugudsþjónusta kl 11.

Sr. Arnaldur Bárðarson þjónar.

Barnakórinn syngur. Stjórnandi Ásta Magnúsdóttir.

Organisti Hjörtur Steinbergsson.

Kvöldgudsþjónusta með léttri tónlist kl. 20.30.

Krossbandið leikur. Persónulegar fyrirbærir.

Sunnudagur 7. nóvember

Barnastarf og messa kl 14.

Sr. Gunnlaugur Garðarsson þjónar.

Félagar úr Kór Gleráarkirkju syngja.

Organisti Eyþór Ingi Jónsson.

Sunnudagur 14. nóvember

Barnastarf og messa kl 11.

Sr. Arnaldur Bárðarson þjónar.

Félagar úr Kór Gleráarkirkju syngja.

Organisti Hjörtur Steinbergsson.

Sunnudagur 21. nóvember

Barnastarf og messa kl 11.

Sr. Gunnlaugur Garðarsson þjónar.

Félagar úr Kór Gleráarkirkju syngja.

Organisti Hjörtur Steinbergsson.

Sunnudagur 28. nóvember

Fjölskyldugudsþjónusta kl 11.

Sr. Arnaldur Bárðarson þjónar.

Barnakórinn syngur. Stjórnandi Ásta Magnúsdóttir.

Organisti Hjörtur Steinbergsson.

Munið!

Þriðjudagar: Kyrrðarstund í kapelli kl 18:10 • Miðvikudagar: Hádegissamvera kl. 12 •

Fimmtudagar: Opíð hús fyrir foreldra og börn • Mömmumorgnar kl. 10-12 •

Laugardagar: Kirkjuskóli fyrir grunnskólabörn kl 11-12 • TTT tíu til tólf ára starf 13-14

Gleráarkirkja

Sr. Gunnlaugur Garðarsson

Viðtalstímar í kirkjunni **þriðjudaga** og **fimmtudaga**
kl. 16.30-17.30 og á **miðvikudögum** og **föstudögum**
kl. 11-12 og **eftir samkomulagi**

Símar: Í kirkju **464 8808**, heima **462 7676** og GSM **864 8455**. Netfang: **gunnlaugur@glerarkirkja.is**

Sr. Arnaldur Bárðarson

Viðtalstímar í kirkjunni **mánudaga** til **fimmtudaga**
kl. 11-12 og **eftir samkomulagi**

Sími í kirkju: **464 8802**, heima **462 6605** og
GSM **864 8456** Netfang: **arnaldur@glerarkirkja.is**

Starfsmenn við Gleráarkirkju:

Umsjónarmaður er Sverrir Pálmason

Hann er við daglega **kl. 11-16**. Sími **464 8800**
Heimasími hans er **462 2491** og **GSM 864 8453**
Netfang: **sverrir@glerarkirkja.is**

Organisti er Hjörtur Steinbergsson

Sími **464 8804** og **GSM 862 2316**
Netfang: **hjortur@glerarkirkja.is**

Ráðskona er Þórhildur Þórhallsdóttir

Heimasími hennar er **462 4258** og **GSM 862 4258**

Kirkjuverðir eru **Bertha Bruvik** sími **865 4556** og
Jón Oddgeir Guðmundsson sími **894 4301**



Gleráarkirkja, sími 464 8800 • www.glerarkirkja.is • Fax: 464 8809

Ábyrgðarmaður: Sr. Gunnlaugur Garðarsson • Uppsetning: ghs • Prentun. Ásprent